

IV. KAFLI
Lagaheimild og gildistaka.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 6. mgr. 15. gr. laga nr. 97/1993, öðlast gildi þegar í stað. Fallin er úr gildi reglugerð um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins nr. 54/1989, sbr. reglugerð nr. 14/1990.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. janúar 1996.

Páll Pétursson.

Forgerður Benediktsdóttir.

15. janúar 1996

Nr. 39

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir		Sorphreinsigjald	Kr.	2.640
		Sorpeyðingargjald	"	1.500
B) Fyrirtæki		Sorphreinsigjald	"	5.280
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	"	5.175
	" 2	"	"	20.700
	" 3	"	"	41.400
	" 4	"	"	62.100
	" 5	"	"	82.800

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfisráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.